



Gert 24 ágúst 2015

Gaman á Bítlaárunum.

Konráð Rúnar Friðfinnsson rifjar upp Myndir, aðrar en af höfundu, eru ekki hans eign. Texti: KRF, nema þar sem annað er tekið fram.



Margs er að minnast og margt skemmtilegt hægt að toga uppúr kistunni sem allar minningarnar eru geymdar í. Allskonar rekur á fjörur manna og kvenna á ævinni og margt af henni varðveitt í kistuskömminni en á mitt og þitt vald sett hvað togað sé þaðan upp.

Sumir velja að grafa sig ofan í kistu merktri "Mistök, reiði, hefndar- og haturshugur" og láta sig falla ofan í hana og sökkva sér á bólakaf og koma þaðan upp aftur með flæðandi tár niður kinnar sínar af upprifjuninni einni saman. Kistan geymir endalaust af minningum um grát og reiði ásamt mörgu af hinu sem líka hvolfdist yfir á lífsferlinum og sat eftir handa minningakistunni sem við það stundi af vellíðan yfir enn einni neikvæðu sendingunni þó fæst þar lyktaði vel. Nú veit hún að úr nógu verður að moða til framtíðar litið. Og ekkasogin byrja á nýjan leik í hvert sinn sem kistulokið er opnað vegna alls þess vonða sem gerðist því að allt er varðveitt og vel varðveitt.

Rétt er það að að margt í lífinu fór öðruvísi en áætlanir gerðu ráð fyrir sem og er ástæðan fyrir að til varð máltæki sem segir: "Ungur nemur, gamall temur," og er þar átt við reynsluleysi undgómsins og reynslu þeirra sem eldri eru sem ungdómurinn muni á margan hátt reyna með svipuðum hætti og lenda í sem kynslóðin á undan gerði en þó hafa möguleika á að sneiða hjá með því að hlusta eftir rödd reynslunnar og læra af henni. Oft þung þraut í verki. Byrjunin hér er að reynslan fáist til að tala og óreyndur að hlusta.

Munum að minningarkisturnar eru þarna af því einu að hugurinn er sístarfandi fyrirbæri sem erfitt er að hemja. Og sumir, merkilegt, velja fyrir sig að ganga að kistu sem heitir "Gleði, kátína og sigrar" og fara framhjá hinni merktri sorg og sút og láta sig falla ofan í hana og ná að velta sér þar nokkra hringi og koma upp með gleðina í hjarta öndvert við hina kistuna sem dró yfir fólkið sorg, leiða og depurð. Og lífið hætti að vera spennandi. En þessari kistu, það er geymslustaður mistakanna í eigin lífi, hafa sumir gengið svo langt með að vera að mestu búnir að tæma og jafnvel það eitt verka eftir að fjarlægja sjálfa kistuna. Og farið hefur fé


betra. Enda bara leiðindi af því að hafa hana þar sem hún hefur fengið að vera. Endurtek: Fengið að vera. Báðar þessar kistur eru þarna með okkar fyllsta leyfi. Ekki gleyma því.

Myndin til hægri tengist vinsældarkosningu sem fram fór í blöðunum um vinsælustu erlendu hljómsveitina sem tríoíð Bee Gees sigruðu í.

Jákvæði og gleðilegi partur akkúrat þessa máls er sá sannleikur að líf manna samanstendur bæði af skemmtilegum og leiðinlegum atvikum. Já bæði. Ekki bara öðru. Að kjósa fyrir

sig sjálfan að vilja heldur halda þeim skemmtilegu á lofti er ekki sama og að hafna hinum né að vilja flýja þann raunverueika heldur eru þær skemmtilegu einfaldlega skemmtilegri en samt jafn mikil sannleikur og þær erfiðu og því í raun jafn eðlilegt og reyndar eðlilegra að vera með þær sín megin eftir að hafa lært að sleppa hinum. Já lært. Of mikið er um "haltu mér, nei slepptu mér dæminu" er kemur að þessum kistum. Að vinna sig frá slæmum minningum er gerlegt en ekki fyrirhafnarlaust. Og hví þá að velja þær erfiðu fyrst menn á annað borð fóru inn á þessa braut að skoða líf sitt eins og það áður var og af hverju þá ekki að ljúka upp kistunni með góðu einu úr voru lífi? Fyrir sitt leiti hefur höfundur kosið að láta döpru stundirnar vera að baki og seilst eftir hinum sem voru skemmtilegri og kom í ljós að voru nokkuð margar.

Nóg um það.




Mynd. The Beatles. Hver elskar ekki og virðir The Beatles í dag og er þakklátur verkinu sem þeir gerðu og heiðra með margvíslegum hætti? Fáir alltént.

Allir kannast við hljómsveit nokkra sem hlaut á sínum tíma nafnið The Beatles og var skipuð fólki sem hvert mannsbarn veit hverjir eru. En þeir eru John Lennon, gítar, söngur, (Sir) Paul McCartney, bassagítar, söngur, George Harrison, gítar, söngur og Ringo Starr, trommur, söngur. Allra augu beindust að þessum mönnum og nöfnum og allt svolgrað í sig sem frá þeim heyrðist. Að ekki sé talað um söngvanna sem þeir sömdu og fluttu og við gátum hlustað á gegnum plötuspilaranna heima, þó að mest öll hlustun á þessum tíma færi fram gegnum útvarpstækin hvar sem þau voru staðsett inn á heimilum manna og kvenna. Á þessum árum, upphafstíma The Beatles, var plötuspilaraeign fólks ekki algeng þó þeir væru vissulega

komnir fram og allir vissu að væru fánlegir og til. Líklegt er að verðlag þessara tækja á þessum árum hafi haft sinn fælingarmátt. Samt var það svo að " Fóninn " eins og plötuspilarinn stundum var kallaður, var ekki almenningseign í segjum upphafi Bítlatímabilsins og útvarpið það algenga er kom að hlustun sinna uppáhaldslaga og söngva af Bítlaætt. Væri plötuspilari heima var hann oft á heimilum sjómanna sem störfuðu á skipum sem sigldu til erlendra hafna og áttu þá til að koma með þá með sér yfir hafið og stilla upp heima smygluðum. En útvarpshlustunin var svona þetta venjulega er kom að nýjustu og vinsælustu söngvunum og Kanaúrvarpið vanalega á undan Ríkisútvarpinu með nýjustu söngvanna og heyrðu menn þá yfirleitt þar fyrst þar sem Kanaútvarpið náðist og var stór-Reykjavík. Svo fyrir utan erlendu útvarpstöðvarnar sem náðust sumstaðar í landinu eins Radio Caroline og Radio Luxemburg. En hvorugar þessara stöðva heyrðust á stór-Reykjavíkursvæðinu nema með þá einhverjum sér loftnetsbúnaði sem menn komu sér þá upp. Líklegt er að mestir hafi möguleikarnir verið á Austjörðum, gæti ég alltént trúað.

Áður en við förum lengra skulum við skoða áhugavert lesendabréf sem dagblaðið Vísir birti 13 febrúar 1965 og sýnir nokkuð tíðarandann sem þá var:



" Nokkur bréf hafa komið til mín vegna greinar sem birst hafa hér á 2. síðunni um hinar frægu hljómsveitir Beatles og Rolling Stones. Er auðséð af þessum bréfum, hve samkeppnin milli þessara tveggja hljómsveita er viðkvæm og hörð. Sérstaklega virðast aðdáendur Beatles mjög viðkvæmir fyrir frá sögnum af því að Rolling Stones séu að yfirstíga þá. Hér birti ég kafla úr bréfi frá stúlku sem kallar sig „Einlægur Beatles aðdáandi"

„Ég er búin að fá meira en nóg af öllu þessu bulli um það, að Rolling Stones séu orðnir vinsælli en Beatles. Mér þætti gaman að vita, hvaðan sú vitneskja er fengin. Það er algjör fjarstæða að bera Rolling Stones saman við Beatles þar komast þeir hvergi með tærnar þar sem Beatles hafa hælana. Ég hef yfirleitt fylgst með vinsældalistanum í Radio Luxemburg, sem byggður er á sölu grammófónplata í

Englandi. Síðasta plata Beatles „I feel fine" þaut beint upp í 1. sæti án þess að stoppa nokkurs staðar á leiðinni, en nýjasta plata Rolling Stones „Little red roost er" fór sér heldur hægar, auk þess sem hún komst aldrei lengra en í 2. sæti. Auk þess var „I feel fine" nr. 1 í Ameríku í nokkrar vikur, en aumingja Rolling Stones hafa aldrei komist í 1. sæti þar. Flestir þeirra, sem ég hef talað við eru hrifnari af Beatles en Rolling Stones og þeir eru á aldrinum 16-19 ára. Ég veit ekki hvort þeir teljist til gamalmenna eða smábarna. Mér finnst varla hægt að bera saman músík Beatles og Rolling Stones. Músík Beatles er miklu fjölbreyttari en músík Rolling Stones. Auk þess eru Rolling Stones svo ógeðslegir í útliti, bæði hvað snertir klæðnað og hárgreiðslu. Ég get orðið öskuvond, þegar ég heyri talað um sítt ógeðslegt hár sem Beatles hár. Það ætti frekar að kalla það Rolling Stones-hár. Hár Beatles er alltaf hreint og snyrtilegt og margur fullorðinn maður mætti taka sér þá til fyrirmyndar í snyrtimennsku." - Bréfið er miklu lengra.... -

(Myndin til hægri er eins og sést af hljómsveitinni Rolling Stones og líklega tekin árið 1965. Um þá hljómsveit sögðu margir að væri í grimmi samkeppni við Bítlanna um athygli og vinsældir þó sannleikurinn sé að það náði aldrei til þeirra sjálfra heldur voru það aðdáendur bandanna tveggja sem bjuggu þetta til sín á milli með því að skipta þarna líði og halda með annað hvort The Beatles eða Rolling Stones.



Á þessum árum eru "Rollingaranir" en það voru þeir stundum kallaðir, með ágætis plötur og með því besta sem gert hefur verið en dölúðu svolítið að álitni höfundar eftir að Brian Jones yfirgaf þetta jarðvistarlíf. Og virðist vera þarna tenging á milli.

Rolling Stones eru í dag önnur hljómsveit en þá var. Og held ég að menn séu mér sammála sem fylgjast með og til þekkja, án þess að gæðahliðin sé neitt metin. Enda varasöm leið.

Brian Jones lést 3 júlí 1969 og er fæddur 28 febrúar 1942. Hann hét fullu nafni Lewis Brian Hopkins Jones. (Innskot höfundar)-

(Klárur ágætt lesendabréf. - Innskot höfundar)

"Verst er að geta ekki haft atkvæðagreiðslu um það, hvorir eru vinsælli hér Beatles eða Rolling Stones. Er mér sagt, að koma Swinging Blue Jeans sýni að Beatles músík sé enn vinsæl hér, þar sem þeir eru á þeirra línu í músíkinni. En bráðlega kemur hingað önnur hljómsveit „Kinks“, sem er frekar á línu Rolling Stones. Þá kemur kannski í ljós, hverjar vinsældir þeirra eru." Vísir 13 febrúar 1965. " - Svona hljómaði bréfkorn lesenda sem dagblaðið Vísir birti og ofanritað hluti af svari blaðsins til ritarans frá þessum tíma og segir á sinn hátt og nokkuð skírt hug ungra manna og kvenna á þessum árum þegar sól Bítlaæðisins er að rísa hvað hæst og er ástæðan fyrir að er haft með hér. Enda bara partur sögunnar.

Og áfram með hitt.



Mynd. Sundhöll Hafnarfjarðar er hvíta langa byggingin vinstra megin. Neðan við hana, til hægri, er kletturinn sem hér kemur örlítið við sögu og hægra megin við hann, kletturinn er þetta dökka sem stendur þarna út í sjóinn og hægra megin við hann staðurinn sem höfundur var staddur á ásamt gömlum leikfélaga er hann fyrst heyrði í hljómsveit að nafni The Beatles sem greip hann sínum tókum og fylgir honum enn í dag 24 ágúst 2015. Aðstæður á myndinni eru svolítið öðruvísi en þá voru en samt nokkuð líkar.

Merkilegt með þetta Bítlatímabil og hversu öflugt það varð í minningunni og raunveruleikanum hjá bæði mér og mörgum öðrum sem voru uppi á þessum tíma að sjálfur man ég eins og gerst hafi í gær hvar ég var staddur þegar ég fyrst heyrði um þessa prýðis hljómsveit. Það var fyrir neðan Sundhöllina í

Hafnarfirði (sjá mynd) þar sem við guttarnir leikum okkur oft eins og krakka var siður að gera. Dag einn er ég þarna ásamt einum leikfélaga minna. Í þetta skipti hafði hann meðferðis lítið útvarpstæki klætt leðurtösku til hlífðar tækinu. Svona tæki var hægt að fá sér í raftækjabúðum á þessum tíma, og reyndar víðar. En þarna í fjörunni innan um gjálfrandi ölduna og fugla sem syntu á haffletinum í fjöruborðinu fór hann að segja mér frá flottri

hljómsveit sem hann hafi heyrð í í Kanaútvarpinu daginn áður, " Kanaútvarpið " var þessi ágæta herútvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli kölluð í venjulegu tali manna. Vitaskuld heyrði ég það sem drengurinn sagði en gaf að sjálfsgöðu ekkert um vegna þess að þekkja ekki málið því að þó einum líki eitt er ekki sjálfgefið að næsti sé sama sinnis. Skömmu síðar og við enn þarna við klettinn góða neðan við Sundhöllina berst okkur til eyrna gegnum smágerðan hátalara leðurklædds útvarpstækisins gítarspil, trommutaktur og söngur sem hann segir um að sé sama hljómsveit og hann heyrði í " í gær " og hrifist af. Árið sem þetta gerðist á er líklega 1964 í svona júní og söngurinn sennilega " I want to hold you hand " þó ég sé ekki alveg öruggur hvert lagið sé og ekkert einkennilegt við. Mann þó að lagið var hresst lag og grípandi og lagið " I want to hold you hand " vinsælt um þær mundir og gefur sína vísbendingu. Að muna ekki er auðvitað vegna þess að á þessum tíma vissi maður ekkert um meðlimi The Beatles standandi þarna niður í sendinni fjörunni og við klettinn góða sem við strákarnir fórum stundum út í en gátum þó ekki nema á fjöru. Á flóði flæddi allt í kringum hann og gerði leiðina ófæra þangað út. Kletturinn hefur fengið að halda sér og vita hafnirðingar, allavega eldri hafnirðingar, líklega hvar hann er staðsettur.

Málið með klettinn var að færi maður út í hann varð að gæta sín á að gleyma sér ekki og muna eftir að koma sér aftur upp á fastalandið áður en of mikið flæddi að. En tíminn þarna var nýttur til hins ýtrasta og þurfti maður á endanum að stökkva milli steina til að komast þurrum fótum á land. Kannski votur í fæturina en ekki meira en það. Flóð og fjara bara kemur á sínum tímum hvar sem maður sjálfur er þá staddur. Það hirðir ekki um neina gleymsku fólks heldur bara kemur.



Gamli tré lóðsbáturinn í Hafnarfjarðarhöfn sem kemur hér við sögu kominn upp í fjörukampinn við Lónið á Hvaleyri. Á bak við hann sést í grandann sem eitt sinn mikið kríuvarp var í en er ekki lengur og engin kría sést þar í áratugi. Þessi bátur hafði nafn á byggingarstigi sem er höfund stolið, og biðst hann velvirðingar á. Öflugur bátur þó lítill væri.

Úr því að maður minnst á klettinn og að honum hafi flætt og gert ófæran að komast út í á háflóði, nú eða aftur í land, var aldrei neinn af okkur eftir þarna úti og mann ég

bara eftir einu skipti í minni tíð að strákur, ekki úr vorum hópi, sem varð innlyksa þarna á háflóðinu og lóðsbáturinn úr Hafnarfirði kom og sótti. En lóðsbátur þessi var í þjónustu Hafnarfjarðarhafnar í áratugi og var ævinlega lagt neðan við Verkamannaskýlið þess á milli sem hann var í notkun og endaði í fjörunni í Lóninu við Hvaleyri eftir að notkun hans lauk og dráttarbáturinn Þróttur tekin við starfi hins fyrir höfnina í Hafnarfirði. Engin hætta skapaðist fyrir piltinn þarna út í klettinum, enda blíðskaparveður. Í hvassri vestanátt gekk sjórinn yfir staðinn og engin að klöngrast út í honum þann daginn, sem vonlegt er. Heillaði kletturinn því bara á góðviðrisdögum. En stráksa sem flóðið lokaði leiðina hjá til lands hjá leist ekki orðið á blikuna og orðin skelfdur og því fegnastur er hann sá í stefni lóðsbátsins góða sigla út á milli hafnargarðanna með stefnu á klettinn sem kauði varð strandarglópur á og honum skilað heilum í höfn og svo heim til sín. Já, það kom lausn.

(Mynd til hægri. Jim Morrison var í hljómsveitinni The Doors sem stofnuð var 1965 og sín sprenging inn á tónlistarmarkaðinn er þeir mættu galvaskir á sviðið með sína fyrstu hljómplötu sem bar nafn sveitarinnar The Doors og kom út 1967. Gott ef The Doors áttu ekki að vera Amerískt mótvægi við The Beatles í Englandi. Minnir alltént að hafa heyrt þetta.

The Doors er sem sagt Amerískt rokkband sem náði gríðarlegum vinsældum og áhrifum og gerði margar ágætar hljómplötur sem enn seljast og hafa hlustun er viðheldur frægð þeirra enn í dag og einkum þá framlag Jims Morrisonar í hljómsveitinni, sem þótti um margt einstakur hæfileikamaður í því sem hann fékkst við og gera efnismikla söngtexta, að sagt var. Hvað svo sem það merkir. Margur ferðamaðurinn ku víst á ári hverju koma við hjá legsteininum í kirkjugarðinum sem Jim var jarðsunginn í.

Jim Morrison varð fíkniefnanotkun sinni að bráð eins og fleiri hafa lent í og gerðist það 3 júlí 1971 og á sama degi og mánuði og Brian Jones lést á, en tveimur árum fyrr hjá Jones. Merkillegt. Morrison er fæddur 8 desember 1943 og því verið innan við þrítugt er hann kvaddi þetta líf. Sorglegt en samt það sem gerðist..



Ljósmyndin til vinstri er af leiðinu þar sem Morrison hvílir og fjöldi ferðamanna kemur til á ári hverju.)



Eins og við sjáum að þá er þetta allt sundurtætt hjá okkur í dag og tökum við því bara vel. En þarna í fjöruborðinu sem sagt hófst ferli sem varði lengi og átti mann með húð og hári og allskonar spannst í kringum hjá án þess þó að áhugi minn skæri sig á nokkurn hátt út úr í Firðinum fagra við Flóann því flestir jafnaldrar manns voru þeim megin línu sem maður stóð við sjálfur og Bítlarnir og tónlistin sem þeir fluttu í raun sameinuðu með einum og öðrum hætti. Hópurinn blíndi í þessa átt er kom að málefnum tónlistar og vildi vita helst allt um þetta fólk sem hægt var að fá og lesa um kappanna frá Liverpool í Englandi. Hafi England einhvern tíman verið ofarlega á blaði heimsins að það var það á þessu árabili hjá ákveðnum aldurshópi. Í dag þræta fáir fyrir að akkúrat svona hafi verið í stakkinn búið. Þeir voru vor átrúnaður. Og þegar ég segi " vor átrúnaður " talar maður vitaskuld fyrir munn margra annarra sem voru einfaldlega á sama stað og maður sjálfur í málinu og ekkert öðruvísi.



Rolling Stones 1965. Hárið liggur niður á bak og axlir og Bítlahárið á þessum tíma talsvert styttra en átti síðar eftir að vaxa og komast jafnvel lengra niður á bakið en hér sést. Brian Jones var einn gítarleikari hljómsveitarinnar og er maðurinn lengst til vinstri á myndinni, fyrir þá sem ekki þekkja mikið til svona mála.

Já kæru vinir. Til var metingur hjá ungliðum Íslands um hvor hljómsveitin væri betri og margt sagt í þeim efnum og mörg "svöðusárin" veitt í metingi þeim. Einnig voru ófá " högg undir beltistað" slegin á meðan sú umræða öll var í gangi. Og svo var hlegið inn á milli yfir vitleysu og blindu hins hópsins og höfuð hrist að Bítla- og eða Rolling Stones hárið fór allt í flækju. Skemmtilegir tímar og líka þessi partur hennar. Það er þessi metingur krakkanna. Sannast sagna að þá skildum við ekki, þetta Bítlafólk, hvornig hægt væri að taka Rollinganna fram yfir The Beatles úr því að þeir stóðu fólk til boða. Bara náðum ekki upp í svona val og þvælu. Má því segja að þar hafi stálin stinn mæst. Og hvenær hefur það leitt til heilbrigðrar niðurstöðu?

Allir sem til þekkja muna eftir Bítlamyndunum sem keyptar voru í bókabúðum nú eða klipptar út úr blöðum og tímaritum sem til voru heima og inniheldu myndir af sveitinni. Sumir reyndar gengu svo langt í þessu að læðast með eina og eina vel valda Bítlamynd út úr Bókasafninu svo lítið bar á og hengja upp í herberginu við hlið allra hinna myndanna. Hvað um það að þá voru áhugaverðar ljósmyndir snarlega klipptar út og flestar af Bítlunum, þó fleiri hljómsveitir og söngvarar héngju líka á vegg þessum. Og svona var tíðarandinn á þessum árum. Hann var meira og minna merktur þessum frægu erlendu hljómsveitum og líka af innlendu bergi brotnar eftir að þær komu fram og gátu sér orð og stóðu undir nafngiftinni Bítlahljómsveit sem ákveðnar kröfur voru gerðar til af Bítlakynslóðinni.

Mynd til hægri er úr Morgunblaðinu 28 september 2001. Texti KRF. - Hljómar frá Keflavík, en það voru þeir gjarnan kallaðir, efndu til eftirminnilegra miðnæturhljótleika í Háskólabíói 6 mars 1964. Eftir það höfðu þeir sérstöðu í bransanum og voru fyrsta íslenska Bítlahljómsveitin til að "slá í gegn," eins og sagt er. Með hljótleikunum kom að talið er "bítlaæðið" til Íslands. Ljósmyndin af Hljómum er líklega tekin 1965-1966.

Hverjir muna ekki eftir íslensku Bítlunum Hljómum frá Keflavík sem á sínum fyrstu tónleikum hrifu salinn svo að um tíma óttuðust menn að þakið hreinlega fyki af kofanum er hrifningaraldan inni stóð sem hæst. Það gerðist ekki en segir þó heilmargt um það sem á gekk í sal þessum. Að þessu leiti voru íslenskir aðdáendur hljómsveitanna engir eftirbátar margra aðdáenda erlendra hljómsveita.

Eins og áður segir var þetta tímabil, einkum þó sjöundi áratugur seinustu aldar, svolítið merktur hljómsveitunum.

Framhjá þessu verður ekki horft. Um þær og líferni meðlima þessara frægu sveita snérist margt hjá ungu fólki sem margir sáu og vildu líka gera út á og græða krónunni meira á eigin rekstri. Allt tengt ríkjandi tíðaranda sem sumir sáu vonarglætu í og stigu fram. Einu aðilarnir sem stundu þungan á þessum árum voru rakaragreyin sem sátu á stofum sínum daginn út og inn og skófu undan nöglunum og litu þess á milli í spegill og skoðuðu eigin augabrunir og fjarlægðu hár sem var lengra en gott þótti og fengu nógan tíma til að dunda sér við af því einu að hafa ekkert að gera og sárafáir orðið sem droppuðu við á stofunni til að láta snyrta hár sitt og skegg. Og sögðu sumir rakarar síðar að þetta hafi verið hreint skelfilegt tímabil og alveg hræðilegt. Engin sem mann efast um að svo hafi verið með alla þessa síðhæringa á götunum sem hárið bara óx á.

Aðrir í verslunar- og þjónustustétt með "heppilegan varning" ef svo má segja, sjá möguleika þarna. Þessir menn höfðu oft aðra sögu að segja en hárskeragreyin með því að vera með sín egg í annarri körfu og starfa á öðrum vettvangi en að skera hár fólks. Margir af þessum mönnum seldu talsvert af vöru sinni sem beint má rekja til ríkjandi tíðaranda sem vildi fá og hrópaði eftir og gildi oft um aðila sem höndluðu með fatnað. Þeir græddu. Stundum verða menn að spila með og hinir að upphugsa nýja leið fyrir sig. Alltaf sama sagan vilji menn ná í kúnna. Allt er nefnilega á hreyfingu og ég þá líka. Nema ég sætti mig við að sitja eftir. Og hver vill svoléiðis?



Fatnaður merktur Bítla þetta og Bítla hitt hreif og margt ungvíðið sem stoppaði fyrir framan verslun sem svona auglýsing var í glugganum olli því að það hljóp í einum spretti heim til sín og lét vita um glæsmennskuna sem það kvað hafa séð í verslunarglugga þessum og spurði um leið hvort ekki væri til aur fyrir flíkinni fögru. Oftast nær var slíkri ósk hafnað með þeim rökum að engin þörf væri á fatnaðinum og nóg til af öðrum flíkum sem hægt væri að klæðast og orsakaði sá ungi maldaði í móinn og fannst ósanngjarnlega að sér vegið sem ekki batnaði er það var látið fylgja með að peningar yxu ekki á trjánum og þeir sem til væru betur varið til annarra nota en að svala augnabliks Bítlafatapörf afkvæmanna. Og leðurvesti hvað? Þetta var að mati hans sem lafmóður stóð í dyrunum getandi vart stunið upp orði af mæðu eftir langhlaup. Og það upp brekku og hana nokkuð bratta. Og hvað var svona framkoma hinna fullorðnu annað en alvarlegt högg undir beltistað? Og hvað var brýnan akkúrat þarna en að eignast Bítlavesti sem hékk út í glugga hjá Einari skraddara niður á Strandgötu og við hlið Bókabúð Böðvars sem hreinlega æpti á fólk um að kaupa sig og klæðast og bíða ekki sekúndunni lengur með að gera? En samt, þeir sem fjárráðin höfðu sögðu: " Nei, væni minn " og voru lokaorðin. Í alltént þetta sinn.

Tilkynning frá Vöruskemmuni Grettisgötu 2
Höfum tekið upp nýjar sendingar af skófatnaði

Innisólar barna	kr. 50	Hjá okkur fáið	Nylonsockar	kr. 25
Kveninnisólar	kr. 70	þér mikið fyrir	Hárflak	kr. 40
Kvensólar	kr. 70 og 250	litla peninga.	Barnasólar	kr. 10
Kvenbottur (margar gerðir)	kr. 100	KOMIÐ SKODIÐ-SANNFÆRIZT	Skólapennar	kr. 25
Gúmmistígivél barna	kr. 50		Bítlavesti (ný gerð)	kr. 150
Barnasólar	kr. 50 og 70		Barnakjolar	kr. 65 og 190
Gúmmisólar	kr. 50		Karimannasólar	kr. 30
Leikfimisólar	kr. 20		Kasmír ullarpeysur, margar gerðir, 20 lítrar.	
Karimannasólar	kr. 200		Bornie og Clyde kvenkjólar	kr. 350

Vöruskemman í húsi Ásbjörns Ólafssonar, Grettisgötu 2

Mynd. Svona auglýsingar birtust stundum í blöðunum og ef grannt er skoðað má sjá eina sem vekur athygli á Bítlavesti og nýja gerð af þeim. Auglýsingin birtist í Þjóðviljanum 11 maí 1968 og Bítlaeðið komið á sinn hæsta stað í mannlífsflórunni.

En stundum var látið undan og Bítlaföt keypt sem í þessu tilviki var klassa Bítlavesti saumað úr gervileðri árið 1964 í desember. Hjá Einari skraddara þessum var einnig hægt að láta sauma á sig sérsniðin föt. Eftir verslun þessari muna margir eldri hafnfirðingar sem var á sama stað árum saman en er aflögð í dag fyrir áratugum. Sjálfur mann höfundur vel eftir Einari skraddara en samt aldrei nema sem öldruðum manni. Enda aðrir tímar þá en er í dag og tímar sem allir þekktu alla á í Hafnarfriði. Til er, alltént var til, ljósmynd af höfundi í Bítlavestinu sem gaman væri að birta hér og verður gert finnst hún.

Mynd til hægri. Hljómplata The Beatles " For Sale " kom út 1964 og innihélt 14 gæðasöngva. Þessi plata var ein fárra Bítlaplatna sem til voru á heimili höfundar á meðan æðið allt varði, hver sem ástæðan var. Máski var áherslan á þessum tíma ekki svo mjög á plötukaupin heldur að menn hafi látið sér nægja það sem útvarpið hafði upp á að bjóða hvað allan tónlistarflutning varðaði. Hvort hljómplötur á þessum tíma þættu dýrar og að það sérstaka mál verið sín hindrun í að eignast hljómplötunni meira hreinlega mann höfundur ekki.



Stundum var ýmislegt plottið í gangi til stuðnings sínum mönnum þarna út í Bretlandi. Árið 1964 kom út fjórða hljómplata Bítlana og fékk hún nafnið " For Sale " og innihélt 14 gæða söngva. Á þessari plötu eru flest lög eftir þá Lennon og McCartney en innanum söngvar eftir aðra. Veit ekki hlutföllin en flest laganna eru

alltént merkt þessum köppum. Eitt lag af plötunni heillaði suma okkar mest af þessum lögum og vildum við sjá akkúrat þetta tiltekna lag í efsta sæti vinsældarlista Laga Unga Fólksins, sem var svona okkar þáttur á Ríkisútvarpinu og staðurinn sem maður fékk helst að hlusta á uppáhaldlögin sín á, mest af Bítlakyni. Nema hvað að okkur þótt ófært að besta lag plötunnar " For Sale " kæmist ekki á lista yfir vinsælustu lögin og var sest yfir verkefnið og það skoðað hvort ekki mæti breyta þessu og gera eitthvað til að af því gæti orðið. Jú mönnum leist vel á verkefnið og þælingar fóru í gang fram og til baka hvernig best væri að gera þetta. Einn kom með þá snilldarhugmynd að hver og einn af okkur sendi á Ríkisútvarpið nokkur bréf, kveðjur voru lesnar upp í þessum þætti og beðið um óskalag, með kveðju til hins og þessarar og allir með sama lagið sem óskalag sem var " Rock And Roll Music " og ekkert minna heldur en það. Ekki mann ég lengur hvort menn hæfu skrifin og útbyggju bréfin og gerðu klár til sendingar en mann þó að daginn eftir kom einhver með þá sorgarfrétt, en þannig lét hún í sumra eyrum, að þetta lag Rock And Roll Music væri ekki eftir neinn meðlim The Beatles heldur rokkarann Chuck Berry. Við fregnina varð gríðarlegt sjokk í hópinn er sú vissa vaknaði að uppáhaldslag nýju Bítlaplötunnar væri ekki eftir neinn meðlim hljómsveitarinnar sjálfur heldur utanaðkomandi mann. Sem við svo sem höfðum heyrt um en fæstir okkar hlustað neitt á. Það allt saman kom síðar, hjá alltént höfundu. Sjökið var ekta og allt sem planað var um leið sjálfhætt og ekki hugsað meira um málið. Og hver vill berjast fyrir söng í fyrsta sæti vinsældarlista Laga Unga fólksins á Ríkisútvarpinu sem ekki einu sinni var eftir meðlimi hljómsveitarinnar sem allt á þessum tíma snérist um? Ekki nokkur maður. Og alveg örugglega ekki væri hann sjálfur haldin Bítlaæði. Það segir sig sjálft.

Endum pistillin á grein sem höfundur sendi Morgunblaðinu 17 desember 1995 og passar ágætlega inn í þetta efni sem hér er sett fram:

" Frá Konráði Friðfinssyni.

Bítlaæðið:

Þegar bresku Bítlarnir gáfu út fyrstu breiðskífuna „Please, Please Me" 1963 að þá lagði Evrópu, í fyrstu, við hlustir og líkaði hún vel. Síðan óx þessi „fiskur" og hlóð utan á sig uns hann breiddi sig yfir allan heiminn.

Kannski er það rangt að halda því fram, að öll veröldin hafi legið flöt fyrir fjórmeningunum frá Liverpool. Hið rétta er að krakkarnir, unglíngarnir, eða unga fólkið, svona almennt séð, var það fólk sem hreifst af þessari tónlist Beatles. En þetta æði magnaðist með hverri nýrri plötu frá þeim félagum og náði hámarki að margra mati 1967 er út kom, Sgt. Peppers Lonely Hearts Club Band, sem þótti og þykir en tímamótaverk. Sannleikurinn er að ráðsettari og reyndari menn og konur í löndunum hristu mörg hver höfuðið og heyrðu lítið annað en hávaða í Bítlatónlistinni.

Þess ber auðvitað að geta að í veröldinni er ungt fólk á hverjum tíma stór hluti af henni og því ljóst að hópurnir er fylgdi Bítlunum og tók þátt í skrípaleiknum, sem varð til með þessu svokallaða og margfræga Bítlaæði, er gríðarlega fjölmennur og náði til tugi ef ekki hundruð milljóna ungmenna, víða um heiminn. Eins og frægt er orðið í Bítlasöggunni lét John Lennan, stofnandi The Beatles, hafa eftir sér í blaðaviðtali við einhverja blaðakonu, að Bítlarnir hefðu meira gildi fyrir krakkana á þessum tíma heldur en Jesú Kristur. Ollu þessu ummæli Lennons gríðarlegum viðbrögðum og hneykslun víða um veröldina. En voru þessi ummæli mannsins

endilega röng, sé miðað við tíðarandann eins og hann blasti krökkunum í þann tíð? Gerum okkur nefnilega grein fyrir einu að unglíngarnir sem helteknir voru af Bítlaæði, að þeirra heitasta ósk flestra var að fá að sjá þá snerta þá og komast í tæri við þá, fá eiginhandaráritun og svo framvegis.

Fullyrða má að það unga fólk, sem tók þátt í þessum blekkingarleik, Bítlaæðinu, hugsaði fæst um Jesú Krist og kærleiksríkan faðm hans, á meðan þetta ástand varði hjá því. Öll hugsun unga fólksins snerist um það á þessum árum að líkjast Bítlunum, fylgjast með Bítlunum, breyta eins og þeir, líkja eftir þeim í klæðaburði. Strákarnir létu hár sitt vaxa vegna þess að Bítlarnir voru með sítt hár. Einnig voru til sérstök Bítlaföt, líkt og margir muna eflaust eftir. Og þannig var staðan á þessum títtnefndi Bítlaárum og svo var Bítlunum kennt um allt saman. Staðreyndin er sú að þessir 4 ungu Bretar, John, Paul, George og Ringo, voru fangar eigin frægðar. Þeir höfðu hvergi frið. Allstaðar voru æpandi, aðdáendur hvar sem þeir komu. Unglíngarnir settu þá á stall og hófu til skýja og tóku að tilbiðja þá á sinn hátt, og að þeim forspurðum. Því má með nokkru sanni segja að fólkið hafi gefið þeim þann stað í hugum sínum og hjörtum sem Frelsarann í raun ber, án þess þó að gera sér það sjálfst endilega ljóst. Áður er varði að ultu líka þessi goð af stalli sínum og skildu eftir autt rúm í hjarta fólksins. Og það gekk niðurlút. Sumir felldu tár. Margur spurði hvað nú tæki við. Hverjir gætu fyllt það skarð sem Bítlarnir skildu eftir sig. Og til eru menn sem aldrei hafa jafnað sig almennilega á missinum.

Ef menn halda að Bítlaæðið sé eitthvað nýtt í sögunni að þá er það misskilningur. Á þann hátt er mannkynssagan öll skráð í raun. Fólk hefur á öllum tímum freistast til að setja menn á stall, og suma hefur það tekið í guðatölu. En allt farið á einn veg og endað með hruni, fyrir þær sakir að átrúnaðurinn var á sandi byggður. En sannleikurinn er sá að hvaðeina bliknar og fölnar í samanburði við þá dýrð sem fylgir samfélaginu við Frelsarann, Jesú Krist. Líka Bítlar allra tíma.

KONRÁÐ FRÍÐFINNSSON, Blómsturvöllum 1, Neskaupstað. "



Bítlarnir einokuðu algerlega áratuginn 1960–1970 eins og sjá má á listunum. Það er engum blóðum um það fletta. Bítlarnir eru voru hornsteinn dægurtónlistar.

Þessir voru í því að gleðja fólk.
Göfugra en þetta verður verkefnið ekki.

Gert 24 ágúst 2015.
Til að gleðja og vonandi líka smá fróðleiks.
Kveðja KRF.